

um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Stafliðir d—f í 30. gr. laganna orðist svo:

d. Þó skal skipta útsvari á milli sveitarfélaga:

1. ef gjaldandi flyzt búferlum á milli þeirra á árinu, áður en útsvar var á lagt. Útsvari skal skipt í réttu hlutfalli við þann tíma, sem gjaldandi átti lögheimili í hvoru eða hverju sveitarfélagi.
2. ef útsvarsgjaldandi rekur atvinnustöð utan lögheimilissveitar eða í fleiri en einu sveitarfélagi, skal skipta útsvari, sem lagt er á tekjur, á milli hluta aðeigandi sveitarfélaga, svo sem hér segir: Útsvarinu skal skipt á milli sveitarfélaganna, miðað við verðmæti framleiddrar vöru eða veittrar þjónustu, viðskiptaveltu, starfsmannafjölda, nýtingu fastafjármuna og annað, sem skipt getur máli. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um skiptingu útsvara skv. þessum tölulið.

e. Engin sveit getur krafizt hluta af útsvari skv. d-lið, 1. tl., nema gjaldandi hafi átt þar rétt lögheimili a. m. k. þrjá mánuði á árinu, sem hann fluttist. Sveitarfélag, þar sem útsvar er á lagt, hlýtur aldrei minna en $\frac{1}{4}$ hluta af útsvari, sem skipt er skv. d-lið 2, og eigi verður útsvari þá skipt, nema í hlut þess sveitarfélags, sem skiptakröfu gerir. komi a. m. k. kr. 25000.00; þó má fjárhæðin lægri vera, ef hún eigi að síður nemur a. m. k. 5% af heildarútsvörum þess sveitarfélags, er kröfuna gerir.

Tekjuútsvari aðila, sem jafnframt greiðir landsútsvar, skal ekki skipt.

f. Kröfu um útsvarsskipti samkvæmt þessari grein, ásamt upplýsingum um búferlaflutning eða þau atriði, sem um ræðir í 2. tl. d-liðs, skal senda fyrir lok aprilmánaðar ár hvert til sveitarstjórnar, þar sem útsvar skal á lagt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Krafa um útsvarsskipti samkvæmt 30. gr. d, 2. tl., vegna álagðra útsvara 1963 skal send fyrir 31. maí 1963, ásamt upplýsingum skv. 30. gr. f.

Greinargerð.

Með lögum nr. 69 1962, um tekjustofna sveitarfélaga, var ákveðið, að útsvör skyldu lögð á gjaldendur, aðra en einstaklinga: „í því sveitarfélagi, þar sem aðalstarfsemi þeirra fer fram“. — Enn fremur að útsvörum skyldi ekki skipt milli sveitarfélaga, nema „ef gjaldandi flyzt búferlum á milli þeirra á árinu, áður en útsvar var á lagt“.

Nú hefur í ljós komið, að þetta fær ekki staðizt undantekningalaust, þrátt fyrir aðstöðugjöldin, sem lögleidd voru og hafa mikil áhrif í þessum efnun.

Þess vegna er í frumvarpi þessu lagt til, að útsvari, sem lagt er á tekjur, skuli skipt á milli sveitarfélaga, ef útsvarsgreiðandi rekur atvinnustöð utan heimilissveitar eða í fleiri en einu sveitarfélagi og um skiptinguna er gerð krafa fyrir tiltekinn tíma, enda hljóti heimilissveit aldrei minna af útsvarinu en $\frac{1}{4}$ hluta og skiptakrafa styðjist við rétt til a. m. k. kr. 25000.00 af útsvari; þó megi fjárhæðin lægri vera, ef hún fer ekki niður fyrir 5% af heildarútsvörum kröfusveitar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd flytur frv. þetta í samráði við fjármálaráðherra.